



Hörgársveit

Fréttabréf

27. júní 2013 4. árgangur 14. tölublað

SVÆÐISSKIPULAG EYJAFJARÐAR 2012 – 2024

Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar auglýsir hér með tillögu að Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012–24. Sveitarstjórnir allra þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að skipulagstillögunni hafa samþykkt hana til auglýsingar, en sveitarfélögin eru þessi: **Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandahreppur, Akureyri, Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð.**

Eftirtaldir efnisþættir eru teknir til umfjöllunar í skipulagstillögunni:

- a) Almenn stefna um byggðapróun
- b) Samgöngur:
 - Vegamál (jarðgöng)
 - Hafnamál (vöruhafnir)
 - Flugmál (Akureyrarflugvöllur)
- c) Iðnaðarsvæði
- d) Stefna um nýtingu landbúnaðarlands
- e) Efnistökusvæði
- f) Vatnsverndarsvæði
- g) Meðhöndlun úrgangs
- h) Strandsvæði Eyjafjarðar, flokkun.
- i) Veitukerfi: Flutningslínur raforku

Skipulagstillagan, sem auglýst er með vísan til 24. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, mun liggja frammi á skrifstofum fyrrnefndra sveitarfélaga og hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík, frá og með 28. júní 2013 til og með 23. ágúst 2013. Á sama tíma verður tillagan einnig aðgengileg á vef hvers aðildarsveitarfélags.

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefst kostur á að gera athugasemdir við tillöguna áður en athugasemdafresturinn rennur út eða fyrir 23. ágúst 2013.

Athugasemdum skal skila í skriflegu formi til:

**Teiknistofu arkitekta, Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf.,
Kaupangi við Mýrarveg,
600 Akureyri.**

Eyjafjarðarsveit 27. júní 2013.
Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar

Reiðnámskeið fyrir börn og unglinga á Björgum

Framfari stendur fyrir reiðnámskeiði fyrir börn og unglinga á Björgum dagana 1.-5. júlí n.k. Kennari verður Camilla Hoj, reiðkennari frá Hólaskóla. Í bland við hagnýtt námið verður slegið á léttu strengi og leikur og nám fléttað saman. Námskeiðið fer fram á hringvellinum á Björgum, neðan akvegjar og verður ekki gert ráð fyrir að hross verði geymd á staðnum á milli daga. Verð pr. þátttakanda er kr. 6.500,- fyrir fyrsta barn og 1.000,- kr. systkinaafsláttur (5.500 kr. fyrir systkini nr. 2, 3 og 4). Þetta námskeið er hægt að greiða fyrir með íþróttastyrk sveitafélaganna. Lokadaginn verður svo grillað ofan í þátttakendur eins og venja hefur verið.

Við skráningu tekur Camilla í netfang: camillahoei@hotmail.com og í síma 864-4463 (nota frekar tölvupóst ef fólk hefur tók á) og rennur skráning út sunnudaginn 30. júní kl. 16:00 .

Athugið – góð upphitun fyrir Bjargaleika sem fara fram laugardaginn 6. júlí á Bjargamelunum.

Sumarlokun á skrifstofu

Skrifstofa sveitarfélagsins verður lokuð vegna sumarleyfa 33. viku ársins, frá og með 12. júlí til og með 19. júlí. Þetta misritaðist í síðasta fréttabréfi og er beðist velvirðingar á því.

Hörgársveit

Sími: 461 5474 **Fax:** 461-5475

Netfang: horgarsveit@horgarsveit.is

Póstfang: Þelamerkurskóli, 601 Akureyri

Veffang: www.horgarsveit.is